



## Starfsmaður 21. aldarinnar!

„Starfsmaður 21. aldarinnar!“ er hagnýtt námskeið fyrir alla þá sem þurfa og vilja styrkja sig í tækni.

Námskeiðið miðast við að nálgast tæknina og útskýra helstu tæknihugtök á „mannamáli“ með það að markmiði að efla sjálfstraust gagnvart tækni. Námskeiðið er hugsað sem fyrsta skrefið inn í tækniheiminn.

Á námskeiðinu er leitast við að efla einstaklinga í þeirri tækni sem mest ákall er um að einstaklingar tileinki sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Námskeiðið snýr að því að upplýsa einstaklinga um möguleg áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á samfélagið og einstaklinga á vinnumarkaði, sem og greina ákjósanlega hæfni og færni hvað varðar tækni með tilliti til niðurstaðna [Stafræna hæfnihjólans](#) sem VR-stéttarfélag hefur þróað og hjálpar einstaklingum að greina eigin tæknifærni.

Félagsmenn í starfsmenntasjóðunum [Starfsafl](#), [Landsmennt](#), [Ríkismennt](#), [Sveitamennt](#), [Sjómennt](#) og [Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks](#) fá námskeiðið að fullu niðurgreitt á meðan ráðrúm leyfir.

Námskeiðið er samtals 28 klukkustundir og skiptist í tvo hluta.

### Fyrri hluti

- Fjórða iðnbyltingin.
- Leiðarvísar að farsælu lífi.
- Stafræna hæfnihjólíð.

### Seinni hluti

- Örvinnustofa 1: Hagnýting samfélagsmiðla (sóknarfæri á samfélagsmiðlum).
- Örvinnustofa 2: Google í starfi, leik og námi (hluti af óþrjótandi möguleikum Google umhverfisins kynntir).
- Örvinnustofa 3: Stafræn gagnavinnsla (myndvinnsla o.fl.).
- Örvinnustofa 4: Forritun og stillingar (tölvuhlutar, tengingar og sjálfvirknivæðing).

Námskeiðið er kennt í **fjarnámi** og geta einstaklingar um allt land sótt það. Þeir sem telja sig þurfa tæknilegan stuðning við fjarnám eða vantar tilheyrandi búnað (tölvu með vefmyndavél og nettengingu) er velkomið að sitja námskeiðið í húsnæði Mímis að Höfðabakka 9 og fá stuðning. Náms- og starfsráðgjafar Mímis eru einnig til staðar.

**Kennarar** á námskeiðinu eru sérfræðingar í sínu fagi og vanir að nálgast nemendur á mismunandi getustigi hvað tækni varðar.

### Tímasetning

Fyrsta námskeiðið hefst 20. október og lýkur 29. október 2020.

**Skráning og nánari upplýsingar** á vef Mímis, [www.mimir.is](http://www.mimir.is)

**Umsjónarmaður:** Anney Þórunn Þorvaldsdóttir, [anney@mimir.is](mailto:anney@mimir.is)